

Mánudaginn 8. október 1990.

Nr. 352/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Bjarka Sigurjóni Tryggvasyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting staðfest. Lögregla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun í sakadómi Húnavatnssýslu 25. september 1990 samkvæmt heimild í 1. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Málið barst Hæstarétti 28. september. Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Húnavatnssýslu 25. september 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 25. september, er á dómþingi sakadóms Húnavatnssýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 107, Akureyri, af Ólafi Ólafssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn 24. september 1990 kl. 16.25 var lögreglunni í Húnavatnssýslu tilkynnt um undarlegt aksturslag Benz-bifreiðar vestan (sic) Blönduóss.

Samkvæmt skýrslu Kristjáns Þorbjörnssonar aðalvarðstjóra var ökumanni Benz-bifreiðarinnar Ö-10551 gefið stöðvunarmerki með ljós- og hljóðmerkjum lögreglubifreiðar við býlið Skinnastaði. Var lögreglubifreiðin þá á miðri akbraut, en þrátt fyrir það ók ökumaður Ö-10551 rakleitt fram hjá. Var bifreiðinni þegar veitt eftirför og ekið með allt að 144 km hraða miðað við klst., án þess að saman drægi með bifreiðunum. Lögreglan fylgdi ofangreindri bifreið eftir þjóðvegi 1, án hljóð- og ljósmerkja, m.a. um Blönduósbæ og Langadal. Samkvæmt nefndri skýrslu dró ökumaður

bifreiðarinnar Ö-10551 verulega úr ökuhraðanum, er hann ók um Blönduós og fram Langadal, en þar gerðist aksturslag hans allskrykkjótt.

Við býlið Björnólfsstaði var lögreglubifreiðinni ekið fram úr bifreiðinni Ö-10551 og ökumanni hennar jafnframt gefið stöðvunarmerki með ljós- og hljóðmerkjum. Skömmu síðar tókst lögreglu að stöðva akstur ökumannsins þrátt fyrir itrekaðar tilraunir hans til að aka fram úr lögreglubifreiðinni.

Samkvæmt lögregluskýrslunni var ökumaðurinn, Bjarki Sigurjón Tryggvason, Hamarsstíg 29, Akureyri, fæddur árið 1947, fæddur yfir í lögreglubifreiðina, en áður hafði lögreglan slökkt á hreyfli bifreiðar hans.

Kærði, Bjarki Sigurjón, neitaði að hafa ekið bifreiðinni. Verulega áfengislykt lagði frá vitum hans. Þá var jafnvægi hans óstöðugt og framburður ruglingslegur. Var hann fæddur í fangageymslu lögreglunnar í Húnavatnssýslu kl. 17.10.

Sama dag kl. 22.00 var kærði yfirheyrður um ætlaðan ölvunarakstur.

Aðspurður neitaði kærði að hafa ekið bifreiðinni Ö-10551. Tilnefndi hann ónafngreindan aðila, er hefði ekið bifreið hans frá Reykjavík fyrr um daginn, norður þjóðveg nr. 1 og allt þar til lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar í Langadal. Kærði kvað þennan aðila hafa stokkið úr bifreiðinni, rétt áður en lögregluna bar að.

Kærða var birt ákvörðun lögreglunnar í Húnavatnssýslu um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða, dags. í dag, 25. september 1990, kl. 10.02 vegna grunar um ölvunarakstur og að hafa eigi sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu. Kærði óskaði úrskurðar dómara um réttmæti þessarar ákvörðunar.

Málsgögn þessa máls bárust dómara nú í dag, þ. á m. vitnaskýrsla Ellerts Björns Svavarssonar, héraðslögreglumanns á Blönduósi. Í skýrslu vitnisins segir, að það hafi verið á lögreglustöðinni á Blönduósi þann 24. þ.m., er tilkynning barst um undarlegan akstur bifreiðar, er væri á leið til bæjarins. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa ekið á eigin bifreið suður fyrir bæinn og þá mætt grænni Benz-bifreið og skömmu síðar lögreglubifreið. Vitnið kvaðst hafa veitt Benz-bifreiðinni sérstaka athygli vegna áðurgreindrar tilkynningar og séð, að ökumaðurinn var einsamall í bifreiðinni. Nokkru síðar kvaðst vitnið hafa þekkt ökumanninn fyrir sama aðila og Kristján Þorbjörnsson aðalvarðstjóri kom með í handjárnnum á lögreglustöðina á Blönduósi.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann frá 1970 tvisvar gengist undir dómsátt vegna ölvunaraksturs og tvisvar hlotið refsisdóm fyrir sams konar brot. Þá hefur kærði fjórum sinnum gengist undir dómsátt vegna annarra umferðarlagabrota.

Með hliðsjón af framansögðu og þegar virt eru þau gögn, sem nú liggja fyrir, þykja ekki efni til að verða við kröfu um, að felld verði úr gildi

ákvörðun sýslumannsins í Húnavatnssýslu að svipta Bjarka Sigurjón Tryggvason ökuréttindum til bráðabirgða, og verður hún staðfest.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Húnavatnssýslu frá 25. september 1990 um að svipta Bjarka Sigurjón Tryggvason ökuréttindum til bráðabirgða er staðfest.
